

Alþingi
Erindi nr. P 133/638
komudagur 8.12.2006

Til bæjarráða Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.

Efni: Stofnun sameiginlegrar skipulagsnefndar á fyrrum varnarsvæðis á Miðnesheiði.

Bæjarstjórar ofangreindra sveitarfélaga leggja til að stofnuð verði sameiginleg byggingar- og skipulagsnefnd sveitarfélaganna fyrir fyrrum varnarsvæði á Miðnesheiði, sbr. heimild í 6. mgr. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Í kjölfar brottfarar varnarliðs Bandaríkjanna og breyttrar skilgreiningar á varnarsvæðinu er sjálfgefið að stjórnýsla svæðisins færist yfir til hlutaðeigandi sveitarfélaga og lúti almennum lögum og reglum við stjórnýslu sveitarfélaga. Með sameiginlegri byggingar- og skipulagsnefnd verður hægt að samræma skipulag á umræddu svæði óháð sveitarfélagamörkum. Markmiðið sveitarfélaganna er að efla íbúa- og atvinnuþróun á vestanverðu Reykjanesi og er sameiginleg nefnd af þessum toga mikilvægur þáttur í því.


Við brotthvarf varnarliðsins af Miðnesheiði lagði ríkisstjórn Íslands ríka áherslu á samstarf við sveitarfélög á svæðinu um nauðsynlegar breytingar sem fylgdu í kjölfarið. Stjórnun sveitarfélaganna á skipulagsmálum svæðisins skiptir höfuðmáli í þessu sambandi.

Lagt er til að byggingar- og skipulagsnefndina skipi þrír menn. Æskilegt er að fyrst um sinn verði það bæjarstjórar sveitarfélaganna sem skipi nefndina. Nefndinni til ráðuneytis verða starfsmenn og stjórnendur skipulags- og byggingamála hjá sveitarfélögunum. Þá er brýnt að nefndarmenn skipulags- og byggingarnefndar sem starfað hefur á vegum Varnarmála-skrifstofu utanríkisráðuneytisins verði hinni nýju nefnd sveitarfélaganna til ráðuneytis. Nefndin getur vísað málum til skoðunar og afgreiðslu hjá umhverfis-, byggingar- og skipulagsnefndum einstakra sveitarfélaga eftir því sem við á.

Gjört í Reykjanesbæ 4. desember 2006


Oddný Harðardóttir
Sv. Garður


Sigurður Valur Ásbjarnarson
Sandgerðisbæ


Árni Sigfússon
Reykjanesbæ

